Ef forráðamenn, þrátt fyrir ráðleggingar heilbrigðisstarfsfólks, ákveða að hafna bólusetningum fyrir barn sitt þarf að skrá það í Ískrá á eftirfarandi hátt **(3 atriði)**:

## 1) <u>Skrá höfnun á viðkomandi bóluefni:</u>

Tvísmella í línu nemandans undir ‚ónæmi' í bekkjarskrá.




Í ónæmisaðgerðarglugganum er hakað í kassann undir ‚Hafnað' fyrir aftan það bóluefni sem hafnað er.

Í viðvörunarglugganum sem spyr hvort örugglega eigi að HAFNA viðkomandi bóluefni er smellt á ‚Yes'.




Dagsetning dagsins kemur upp en hægt að skrifa yfir hana aðra dagsetningu ef við á <u>áður</u> en glugganum er lokað.

Þegar glugganum er lokað skráist höfnunin einnig í bólusetningagrunn Sóttvarna-læknis.




Höfnuð bólusetning birtist á yfirliti yfir ónæmisaðgerðir.

Á yfirlitinu er hægt að ógilda skráningu á höfnun, með því að smella í kassann undir <u>‚ógilda'</u>, þ.e.a.s. ef forráða-mönnum snýst hugur og óska eftir að barn fái bólusetninguna.



## 2) Merkja bólusetningastöðu – Hafnað/Hafnað að hluta:

Farið er í örina í línunni ‚Bólusetningar' í ónæmisaðgerðaglugganum (einnig hægt í heilsufarsskrá nemandans) og valið af listanum ‚Hafnað/Hafnað að hluta' eins og við á.

Valið er **‚Hafnað að hluta'** þegar ákveðinni bólusetningu er hafnað.
Valið er **‚Hafnað'** ef öllum bólusetningum sem eftir eru af skipulaginu er hafnað.




## 3) Skrá samskipti um höfnun:

**Ávallt skal skrá samskipti** þegar forráðamenn hafna bólusetningu hjá barni sínu.

Tvísmellt er á bólusetningastöðu nemandans þar sem merkt er ‚Hafnað/Hafnað að hluta'

Smellt á ‚yes' þegar Ískrá spyr hvort stofna eigi ný samskipti.

Forskráð samskipti opnast í tilefnisflokknum ‚Ónæmisaðgerðir'. Hægt er að ‚afhaka' og bæta við hjúkrunarmeðferðum eins og við á.

Skrá þarf í lýsingu samskiptanna hvaða bólusetningu er hafnað og gott er að afrita tölvupóst frá foreldri þar sem staðfesting á höfnun kemur fram inn í samskiptin.

Nota þarf flýtihnappa **(Ctrl C)** til að afrita póstinn og síðan **(Ctrl V)** til að líma hann í lýsingu samskiptanna.







Til er [eyðublað]() til útfyllingar fyrir höfnun fyrir þá sem óska en staðfesting í tölvupósti sem límd er í samskipti er einnig fullnægjandi.